

5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 8/1900:

Bogi Magnússon
 gegn
 forstöðumanni Leonh. Tangsverzlunar í Stykkishólmi.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði hinn stefndi forstöðumaður Leonh. Tangsverzlunar í Stykkishólmi gegn áfrýjandum Boga bónda Magnússyni í Rauðseyjum, til borgunar á verzlunarskuld, og var málið dæmt í gestarétti Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu 12. okt. f. á. þannig, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda 795 kr. 62 a. að viðbættum 6% vöxtum af 746 kr. 75 a. frá 1. jan. 1899 til borgunardags og 10 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir dómsins með stefnu dags. 2. febr. 1900, og hefir hann krafist þess, að dóminum verði hrundið og málinu heimvísað til nýrrar löglegri meðferðar frá því umboðsmaður áfrýjanda lagði spurningu um gildi stefnunnar til gestaréttarins undir úr-

skurð undirdómarans, og að stefndi verði dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum, með 40 kr. fyrir landsyfirdómi eða annari upphæð eftir mati réttarins. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og áfrýjandinn dæmdur í málskostnað að skaðlausu eða með einhverju að réttarins mati nægilegu.

Áfrýjandinn hefir byggt ómerkingarkröfu sína á því, að honum hafi eigi verið löglega stefnt til gestaréttarins, en þessi sömu mótmæli voru lögð undir úrskurð dómarans í gestaréttinum, og kvað hann upp sérstakan úrskurð um þau 30. sept. f. á., er fór í þá átt, að móttmælin voru eigi tekin til greina. Þessum úrskurði hefir eigi verið áfrýjað til yfirdómsins og verður honum því eigi breytt af yfirdóminum eða hinn áfrýjaði dómur ómerktur fyrir þá sök, að hann er bygður á honum. Og með því að áfrýjandi hefir eigi að öðru leyti fundið að dóminum, ber að staðfesta hann, eins og stefndi hefir krafist. Eftir þessum úrlitum ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandinn Bogi Magnússon greiði stefnda, forstöðumanni Leonhard Tangs verzlunar í Stykkishólmi, í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna

frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. júlímánaðar.

Nr. 21/1900:

Réttvísín

gegn

Helga Ingimundarsyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Árnassýslu, uppkveðnum 28. marz þ. á., var hinn ákærði Helgi Ingimundarson dæmdur fyrir svik og margítrekaðan stórþjófnað og einfaldan þjófnað samkvæmt 255. gr. og 234. gr. 1. og 2. másl. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, með hliðsjón af 63. gr. og 65. gr. sömu laga, til að sæta 5 ára betrunarhússvinnu og greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun í héraði 5 kr. Dómi þessum hefir hlutadeigandi amtmaður skotið til yfirréttarins.

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum í málinu er það nægilega sannað, að hann hafi gjört sig sekan í eftirnefndum afbrotum.

Í fyrra sumar dvaldi hann í Litlu-Sandvík í Árnassýslu undir umsjón hreppstjórans í Sandvíkureppi, með því að hann þá hafði verið dæmdur í héraði fyrir þjófnað, en dómu sá var undir áfrýjun. Hann ásetti sér því að strjúka, til þess að komast undan hegningunni, sem hann hafði verið dæmdur í. Hann framkvæmdi þennan á-